



### 9. fundur stjórnar SSA 13. mars 2015.

Fundurinn hófst með hádegisverði á Tærgesen á Reyðarfirði en var svo framhaldið í húsakynnum Austurbrúar í Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði. Mætt voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson, Gauti Jóhannesson og Hákon Hansson. Í fjarfundi voru Stefán Grímur Rafnsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

#### 1. Fundargerðir

1. Fundargerðir frá síðasta stjórnarfundum SSA og frá fundi framkvæmdaráðs lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir kynntar frá:
  - a) menningarmiðstöðvum á Austurlandi
  - b) Menningarráði Austurlands. **Stjórn SSA þakkar Menningarráði Austurlands fyrir gott og farsælt starf á umliðnum árum. Á því starfi verður byggt á komandi mánuðum til að halda áfram því þróttmikla og metnaðarfulla menningarstarfi sem verið hefur á Austurlandi.**
  - c) Sambandi íslenskra sveitarfélaga
  - d) Stýrihópi stjórnarráðs um byggðamál.
3. Drög að frumvarpi til laga um byggðáætlun og sóknaráætlanir landshluta lögð fram til kynningar.
4. Kerfisáætlun - viðbrögð við athugasemdum við matslýsingu – lögð fram til kynningar.

#### 2. Staðfesting gagna vegna Uppbyggingarsjóðs

- a) úthlutunarreglur, matsblað, umsóknareyðublöð og samningar lagt fram til samþykkis.
- b) skipan úthlutunarnefndar og fagráða, tilnefningar í úthlutunarnefnd og fagrád og laun úthlutunarnefndar og fagráða lagt fram til samþykkis. Formanni falið að hafa samband við þá nefndarmenn sem tilnefndir eru í úthlutunarnefnd og fagrád. Tillaga um laun til úthlutunarnefndar og fagráða samþykkt en jafnframt vísað til umfjöllunar á aðalfundi SSA 2015 í tengslum við önnur launakjör sambandsins.
- c) framsal umsýslu verkefna til Austurbrúar. Hefur hlotið samþykki stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamála og samþykkt formlega af hálfu stjórnar SSA.

#### 3. Slit Menningarráðs Austurlands og nýr menningarsamningur á milli sveitarfélaga á Austurlandi.

Verkefnisstjóra falið að senda drög að nýjum menningarsamningi á milli sveitarfélaganna og eldri samning til kynningar og umfjöllunar. Stefnt verði að því að undirrita samninginn hið fyrsta.

4. **Kynning á vinnu samstarfshóps um gjaldtöku í innanlandsflugi.**

Valdimar O. Hermannsson sem setið hefur í hópnum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnt niðurstöður starfshópsins. **Stjórn SSA ályktar í kjölfar skýrslu starfshóps um gjaldtöku í innanlandsflugi að nauðsynlegt sé að áfram verði unnið að því að gera innanlandsflug að raunverulegum valkosti í almenningssamgöngum á Íslandi. Stjórnin skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér í málinu enda er það eitt af mikilvægustu byggðamálunum fyrir landið allt.**

5. **Erindi frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga** vegna skráningar og varðveislu gagna frá SSA. Verkefnisstjóra falið að fá uppfærðan samning frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga og samþykkt að málið fari fyrir fjárhagsnefnd á næsta aðalfundi SSA.

6. **Vegir teknir af vegaskrá. Stjórn SSA beinir því til Vegagerðarinnar að tekið verði ríkt tillit til ábendinga sveitarfélaganna og umráðamanna bæjanna við ákvarðanir þessar, ekki síst þegar atvinnustarfsemi og/eða ábúð hefst að nýju á jörðunum, þá sé hægt að fá vegi skráða að nýju inn á vegaskrá.**

7. **Aðalfundur SSA 2015.** Samþykkt að aðalfundurinn verði 2.-3. október nk. Verkefnisstjóra falið að tilkynna dagsetningu til sveitarfélaga, landshlutasamtaka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og þingmanna. Einnig ákveðið að hafa vinnufund í ágúst til að ganga frá ályktunum og minniháttar breytingum á samþykktum.

8. **Önnur mál**

- Óskir um umsagnir. Verkefnisstjóra falið að ganga frá umsögn um frumvarp til laga um farmflutninga.
- Endanleg útgáfa umsagnar SÍS um frumvarp til laga um fólks- og farmflutninga lögð fram til kynningar.
- Formaður greindi frá fundaðerð formanns og verkefnisstjóra til Reykjavíkur 10. mars sl.

Fundi slitið kl. 15.30. Næsti fundur ákveðinn 21. apríl nk. á Egilsstöðum kl. 12.30.

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Arnbjörg Sveinsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Stefán Grímur Rafnsson



---

Hákon Hansson